

Opinn fundur fjallskiladeildar Saurbæjar

Fundur haldinn í fjallskiladeild Saurbæjar fimmtudaginn 24. apríl 2023
kl. 20:40 í Tjarnarlundi.

Mætt voru: Þórunn Elva Þórðardóttir, *formaður fjallskilanevndar*, Jón Ingi Ólafsson í *fjallskilanevnd*, Steinþór Logi Arnarsson í *fjallskilanevnd*, Bjarki Reynisson, Hermann Karlsson, Guðmundur Gunnarsson og Þorbjörn Gerðar. Arnar Eysteinnsson og Ingveldur Guðmundsdóttir komu inn á fundinn síðar.

Tilfni fundarins var samtali sem á sér stað milli fjallskiladeilda í Dalabyggð um fjallskilasamþykkt Dalabyggðar. Þar á meðal um tímasetningar leita, fyrirkomulag, lausagöngu og ágang búfjár sem og annað eftir atvikum.

Eftirfarandi mál voru rædd og bókuð:

- Fundurinn hvetur Matvælastofnun til að sinna enn frekar en nú er viðhaldi á varnargirðingu frá Hrútsstöðum í Hrútafjörð, Hvammsfjarðarlínu.
- Varðandi tímasetningu leita er ekki afgerandi meirihluti fyrir breytingum en þó ekki heldur afgerandi mótstaða fyrir því að því tímabili sem leitir hlaupi á verði fært fram.

Ljóst er að heimild er til staðar í gildandi fjallskilasamþykkt til að undantekningar séu gerðar á tímasetningu leita á ákveðnum en mikilvægt er að gætt sé að samráði við aðliggjandi svæði sé smalað á öðrum tíma.

- Hvað lausagöngu og ágang fjár ályktar fundurinn að fjáreigendur skuli taka ábyrgð á fé sínu og leitist til að smala því heim að hausti með skipulögðum hætti. Skynsemi skuli höfð að leiðarljósi þegar um raunverulegan ágang er að ræða á vel girt svæði um ráðstöfun þess fjár.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga ekki fyrir og því ekki hægt að taka afstöðu til þess.

- Varðandi frekara samstarf eða sameiningar deilda er það til skoðunar af hálfu fundarmanna á meðal deilda Hvammssveitar, Fellsstrandar, Skarðsstrandar og Saurbæjar.
- Fundarmenn sammála um að leggja þurfi kapp á að Brekkurétt verði fúavarin.

Fleira ekki gert eða rætt og fundi slitið 23:10